

2. bekkur 2022 - 2023

Kennarar: Arndís María Erlingsdóttir; Fanney Rúnarsdóttir; Kristín Helga Magnúsdóttir

2

Lýsing

Íslenskukennsla í 2. bekk byggist að mestu á hugmyndafræði byrjendalæsis þar sem námið er hugsað sem ein heild. Gæðatexti (bækur) er lagður til grundvallar og efni hans rætt ítarlega. Öll tæknileg vinna sprettur út frá þeim efnivið sem felst í gæðatextanum. Unnið er með hvern texta í eina til fjórar vikur í senn, fer eftir lengd og viðfangsefni. Kennslan er samþætt náttúrufr., samfélagsfr., og upplýsingatækni. Helstu áherslur eru tal, hlustun, lestur og ritun.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Íslenskukennsla í 2. bekk byggist að mestu á hugmyndafræði byrjendalæsis þar sem námið er hugsað sem ein heild. Gæðatexti (bækur) er lagður til grundvallar og efni hans rætt ítarlega. Öll tæknileg vinna sprettur út frá þeim efnivið sem felst í gæðatextanum. Unnið er með hvern texta í eina til fjórar vikur í senn, fer eftir lengd og viðfangsefni. Í kennslu er lagt upp með sýnikennslu og stuðningi og að nemendur læri vinnubrögð sem eru líkleg til að hjálpa þeim að vera greinandi og sjálfstæðir lesarar. Kennslan er samþætt náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Helstu áherslur í íslensku í 2. bekk eru tal, hlustun, lestur og ritun.

Unnið er með fjölbreyttan nemendahóp út frá hæfni og leikni hvers einstaklings. Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna með nemendur sem þurfa frekari dýpkun.

Kennsluaðferðir:

- Byrjendalæsi
- Hljóðaaðferð: að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Nemendur læra skilvirka tækni til að lesa stöðugt ný og ný orð sem koma fyrir í texta.
- Útlistunarkennsla: byggist á því að kennarar miðla þekkingu, útskýra, reifa eða ræða ólíkar leiðir, sjónarhorn eða lausnir sem vekja til umhugsunar
- Umræðu- og spurnaraðferðir: Byggist á því að kennarinn spyr spurninga og beitir öðrum aðferðum til að skapa umræður um tiltekin viðfangsefni.
- Stöðvavinna
- Hópvinna, paravinna.
- Skriflegar æfingar
- Námsleikir og spil

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
ágúst/september	Skólabyrjun : hugtök, reglur og hlutverk, rétt blýantsgrip, málsgreinar / stór stafur í upphafi málsgreinar, punktur í lokin, sérnöfn, samnöfn, ritun Gæðatexti: Beint í mark. Má ég vera memm? Egill og Garpur	Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
		Greint sérnöfn og bent á þau í texta
Október/nóvember	Ritun / upphaf, miðja, endir, ritunarrammi, hástafir og lágstafir, samsett orð, stafir sitja á línu, lykilorð, sjálfstæður lestur, orðaforði og hugtakakort. Gæðatexti: Komdu og skoðaðu bílinn, Prinsarnir og fjársjóðurinn, ljóð (í tengslum við dag íslenskrar tungu).	Beitt einföldum stafsetningarreglum. Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.

		Búið til málsgreinar. Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt. Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. Þekki hugtök eins og persónu, söguþráð og umhverfi. Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Beitt fácinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími. Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. Greint sérnöfn og bent á þau í texta. Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi. Sagt frá og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. Búið til málsgreinar. Samið texta út frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. Þekki hugtök eins og persónu, söguþráð og umhverfi. Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
Desember/janúar	Framsögn/ leikræn tjáning, ritun/ upphaf, miðja, endir, rím, lesskilningur, sérnöfn, samnöfn, orð, orðatiltæki, orðaleit, fyrirmyndarmálsgrein, þekki hugtök eins og persónur og söguþráður, upplýsingatexti (auglýsing). Gæðatexti: Sálmur af himnum/ jólasaga, Skilaboðaskjóðan. Þorralót.	
Febrúar/mars	Ritun, lesskilningur, draga ályktun, skrift, orðaforði, fyrirmælasþjöld, sérnöfn, samnöfn, samlestur, hugarkort, upplýsingaleit, framsögn. Gæðatexti: Karlsson, Lítill, Trítill og fuglarnir. Bréf frá Felix,	

		Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
		Beitt einföldum stafsetningarreglum.
		Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljód eða skilaboð.
		Búið til málsgreinar.
Apríl/maí/júní	KVL, fyrirmyndamálsgrein, ritun, skipulögð vinnubrögð, munnleg tjáning, vettvangsferð, samheiti, andheiti, raða í stafrófsröð, paralestur, vennkort, lestur fræðitexta.	Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
	Gæðatexti: Fræðitexti um dýr. Komdu og skoðaðu hafið. Miðbæjarrottan	Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
		Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
		Sagt frá og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.B

Grunnþættir menntunar

Grunnþættirnir menntunar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í íslensku í 2.bekk verður unnið með grunnþættina á eftifarnadi hátt:

Læsi

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Með þjáfun í lestri, ritun og lesskilningi eflist færni nemenda til þessa að geta aflað sér upplýsinga, tjáð sig og miðlað þekkingu.

Sjálfbærni

Sjálfbærni sé kennd í daglegri umgengni í skólanum og taki til samskipta nemenda við hvern annan og umhverfi sitt.

Heilbrigði og velferð

Taka mið að þörfum allra nemenda og skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

Lýðræði og mannréttindi

Nemendur verði virkir og taki þátt í samræðum.

Nemendur vinni með verkefni tengd nærsamfélaginu og þeir geri bekkjarsáttmála.

Jafnrétti

Nemendur fái námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt verður að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig að allir fái notið sín.

Sköpun

Nemendur vinni fjölbreytt verkefni sem sett eru fram á skapandi hátt og þeir styrktir í að nota eigið frumkvæði og sköpunarkraft.

Námsmat

Námsmat fer fram allan veturinn samofið námi og kennslu og niðurstöður færðar inn á hæfnikort nemenda í Mentor eftir vinnulotur.

Í nóvember og janúar er námsstaða nemenda rædd í foreldravíðtali.

Lestur og bókmenntir:

Lesfímipróf er lagt fyrir í september, nóvember, janúar og maí þar sem fjöldi lesinna orða er mældur og niðurstöður kynntar foreldrum.

Lesfímiviðmið fyrir Lesferil: Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

Lágmarksviðmið, 40 orð á mín.

Almenn viðmið, 85 orð á mín.

Metnaðarfull viðmið, 100 orð á mín.

Stafsetning :

Könnun: Aston Index er tekið í september. Reglulega tekin verkefni yfir veturinn.

Skrift :

Skriftarþók og önnur verkefni metin.

Ritun :

Nemendur gera verkefni þar sem metin er uppbygging ritunar. Nemendur geti skrifað fyrirmyndar málsgreinar, samið texta frá eigin brjósi og/eða myndum með einföldum stafsetningarreglum.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan, eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.
Mæting	Nemendur bera ábyrgð á að mæta stundvíslega í tíma.
Virkni í tímum	Áhersla lögð á að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
Heimavinna	Heimavinnu skal skilað á réttum tíma. Heimavinna er afhent á þriðjudögum og henni skal skilað í síðasta lagi viku síðar. Nemendur skuli lesa upphátt heima a.m.k. fimm sinnum í viku í a.m.k. 15 mínútur í senn.
Ábendingar um hjálpargögn fyrir nemendur	Ýmsar gagnlegar vefsíður eins og Krakkavefur á mms.is.
Stoðþjónusta nemenda	Áætlun um stoðþjónustu er unnin með sérkennara.
Skyldur nemenda	Lögð er áhersla á að nemendur leggi sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og eiga jákvæð samskipti við aðra.
Skyldur kennara	Kennari leitast við að byggja upp jákvæða sjálfsmýnd nemenda. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem boðið er upp á fjölbreytta náms- og kennsluhætti.

Sel - íslenska 2. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Sagt frá og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.

Sel - íslenska 2. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Þekki hugtök eins og persónu, söguþráð og umhverfi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Beitt fácinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími.

Sel - íslenska 2. bekkur - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetingarreglum.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

Sel - íslenska 2. bekkur - Málfræði

- Búið til málsgreinar.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Greint sérnöfn og bent á þau í texta.

Sel - íslenska 2. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.

Sel - íslenska 2. bekkur - Sjálfstæði og samvinna

- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.
- Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.

Sel - íslenska 2. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Lagt sig fram við námið af alúð og nýtt tímann mjög vel.